

**Mál nr. 200/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar Í**

**Maður varð fyrir vinnuslysi þegar þakbitar slógust í hann þ. 12.5.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 29.5.2012 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M byggir á því að hann hafi verið við störf hjá Í við vinnu á þaki og verið að taka við stafla af þakbitum sem hífðir hafi verið á þak hússins. M átti ásamt öðrum að taka á móti bitunum og losa þá úr festingum. Samstarfsmaður M losaði bitana sín megin og gaf kranamanni merki og hann hífði en þá hafði M ekki losað bitana og slógust þeir í hann þannig að hann féll niður um gat við þakið um það bil 1.5 metra. Engar fallvarnir voru til staðar og starfsmönnum ekki gert að nota tilskilinn öryggisbúnað við vinnu að sögn M. Þá var Vinnueftirliti ekki tilkynnt um slysið fyrr en þ. 25.5.2009 eða tveim vikum eftir að það varð. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og telur öryggi og aðbúnað á vinnustað hafa verið ábótavant. Þá vísar M einnig til að verkstjórn hafi verið ábótavant, engar fallvarnir hafi verið og samstarfsmaður M hafi sýnt af sér gáleysi þegar hann gaf kranastjóra merki um að hífa án þess að ganga úr skugga um að M hefði verið búinn að losa bitana. Í tilkynningu Í til Tryggingarstofnunar ríkisins um slys segir að M hafi kastast fram við slysið með þeim afleiðingum að hann hafi lent á stálbita með hægra hnéð. V hafnar bótaskyldu og bendir á að nokkur ágreiningur sé um málsatvik og byggir V á annarri atvikalýsingu en M. V segir að starfsmenn hafi alltaf átt að standa innan við bitana þegar híft var og hafi M verið í talstöðvarsambandi við kranastjóra. V segir að M hafi ákveðið að fara út á stálbita utan við efnið til að losa keðjukrókinn úr stroffunni þrátt fyrir leiðbeiningar/athugasemdir kranastjórans um að gera það ekki og þegar M hafi verið kominn þangað hafi komið sláttur á keðjur og krók kranans þannig að efnið hafi slegist í M og hafi M lent með hægra hné á samtengingarflangi á stálbita. Þá segir V að engin af samstarfsmönnum M kannist við að hann hafi fallið 1.5 metra og vinna hafi verið á svölum 5 hæðar hússins en ekki þakinu. V telur að Í beri ekki ábyrgð á tjóni M og vísar til málavaxta eins og fram koma hér að framan. Þá telur V að óhappið verði ekki rakið til veðuráðstæðna. Þá segir V að atvik málsins séu í meginatriðum ljós þannig að ekki skipti máli þó að Vinnueftirlitið hafi ekki verið tilkynnt um óhappið samdægurs. V heldur því fram að um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða og/eða óaðgæslu M.

**Álit.**

Ágreiningur er um málsatvik. Fyrir liggur að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins svo sem vinnuveitanda ber að gera án ástæðulausrar tafar sbr. 79.gr. laga nr. 46/1980. Engar vitnaskýrslur liggja fyrir í málinu eða annað sem staðfestir eða gerir líklegann þann máltilbúnað sem V byggir á. Oumdeilt er að M varð fyrir slysi í umrætt sinn þó ágreiningur sé um málsatvik. Þar sem V hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja máltilbúnaði M og tilkynnti slysið ekki til Vinnueftirlits svo sem lög kveða á um þykir rétt miðað við fyrirliggjandi gögn að leggja frásögn M til grundvallar og á hann því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í þar sem ekki var gætt fyllsta öryggis við losun og hífingu kranans auk þess sem ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu Í að fallvarnir eða annar fullnægjandi öryggisbúnaður hafi verið fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 19.6.2012.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.